

Heiti sjóðs	Hlutverk	Sjóðstjórn	Heimild
Hjálparsjóður biskups	Gjöf til bágstaddra (staðfest af biskupi) 1967		
Líknarsjóður			
Minningarsjóður	Styrkja munaðarlaus börn til dvalar á barnaheimili	Biskup Íslands, aðal- dómkirkjupresturinn	Skipulagsskrá staðfest 27. okt. 1939
Ingunnar		í Reykjavík og	
Knútsdóttur og		lögmaðurinn	
Sigríðar		í Reykjavík	
Kristjánsdóttur	Skal til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og	Fénu skal skipt niður á	Tilskipun
Prestekknasjóður	prestekkjum	Synodus samkvæmt	gefin út 15. des. 1865
		ákvæðum tilskipunar- innar	
Styrktarsjóður	Til styrktar verðugum og fátækum ekkjum og börnum	Biskup Íslands og tveir	Skipulagsskrá
Hjálmars	íslenskra fiskimanna, er á sjó drukknar	aðrir, er landshöfðingi	staðfest 10. júní 1903
Jónssonar		tilnefnið ævilangt og sé	
		jafnan annar þeirra	
		lögfræðingur	
Styrktarsjóður			
Þorsteins			
Scheving			
Thorsteinssonar			

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Siglufirði.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. 2 gr. C og 5. gr. í samþykkt um hundahald á Siglufirði frá 21. janúar 2000, skal vera kr. 6.000 fyrir árið, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og fellur hundaleyfið úr gildi sé ekki greitt í seinasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með skv. 25 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samþykkt um hundahald í Siglufirði nr. 73 frá 21. janúar 2000, til þess að öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 21. janúar 2000.

Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri.